

Pingeyjarsveit
Atli Steinn Sveinbjörnsson
Kjarna
650 Laugar

Reykjavík, 18. október 2023
UST202309-260/A.B.
10.04.03

Efni: Lýsing - Deiliskipulag - Hofstaða í Laxárdal - Pingeyjarsveit

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa í Pingeyjarsveit er barst 25. september sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu á deiliskipulagi fyrir Hofstaði í Laxárdal.

Í greinargerð kemur fram tilgangur skipulagsins er að setja fram stefnu um framtíðaruppbyggingu á svæðinu, stuðla að verndun og varðveislu minja og skapa umgjörð fyrir sögutengdann ferðamannastað. Auk þess kemur fram að skipulagssvæðið er 29 ha að stærð og nær um minjasvæðið. Einnig kemur fram að um er að ræða endurskoðun á gildandi deiliskipulagi frá 2017 og með gildistöku á endurskoðuðu deiliskipulagi fellur eldra skipulag úr gildi.

Mývatn

Líkt og kemur fram í lýsingu er svæðið nú verndað samkvæmt lögum nr. 97/2004 um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Pingeyjarsýslu. Nánar er mælt fyrir um verndun Mývatns og Laxár í reglugerð nr. 665/2012 um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Pingeyjarsýslu. Í 2. mgr. 3. gr. laganna og 3. mgr. 17. gr. reglugerðarinnar segir: „Leita skal leyfis Umhverfisstofnunar fyrir hvers konar framkvæmdum sem haft geta áhrif á lífríki, jarðmyndanir og landslag á landsvæði því sem um getur í 1. mgr. 2. gr. Þó skulu heimilar án sérstaks leyfis Umhverfisstofnunar framkvæmdir samkvæmt staðfestu skipulagi, enda hafi stofnunin fallist á skipulagsáætlun þá sem um er að ræða.“

Umhverfisstofnun veitir hér með umsögn um skipulagslýsingu, en bendir á að með umsögninni hefur stofnunin ekki fallist á skipulagsáætlunina í framangreindum skilningi. Leita skal því leyfis Umhverfisstofnunar fyrir hvers konar framkvæmd og hvers konar starfsemi á verndarsvæðinu sem getur haft áhrif á lífríki, jarðmyndanir og landslag svæðisins, sbr. 3. gr. laga nr. 97/2004 og 17. gr. reglugerðar nr. 665/2012.

Auk þess bendir stofnunin á að fjallað sé um í tillögunni hvort framkvæmdir utan friðlýstra svæða geti á einhvern hátt haft áhrif á hinu friðlýsta svæðin. Skv. 54. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir að „Ef starfsemi eða framkvæmdir utan friðlýsts svæðis, sem leyfisskyldar eru samkvæmt öðrum lögum, geta haft áhrif á verndargildi friðlýsta svæðisins skal taka mið af því við ákvörðun um veitingu leyfis. Leita skal umsagnar Umhverfisstofnunar áður en leyfi er veitt. Setja má skilyrði til að koma í veg fyrir skaða af starfseminni eða framkvæmdunum á hinu friðlýsta svæði.“

Umhverfismat

Umhverfisstofnun bendir á að skoða þarf í tillögunni hver áhrif hennar er á gróðurfar og fuglalíf og meta hvort að þurfi að setja skilyrði um að allar framkvæmdir séu fyrir utan varptíma.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson
sérfræðingur
Rakel Sæmundsdóttir
sérfræðingur